

Þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 27. febrúar 1950.

Nr. 150/1948. **H/f Búkolla og Bjarni Bjarnason**

gegn

Korkiðjunni h/f

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, H/f Búkolla og Bjarni Bjarnason, sem eigi sækja dómping í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. marz 1950.

Nr. 152/1949. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Paul Johannes Joensen (Theódór B. Líndal).

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóupprátt staðinn, þar sem dufl varðskeysins var sett í sjó kl. 9.18 hinn 15. júlí 1949, og reyndist hann 1.1 sjómílu innan landhelgislínu. Er þá tekið tillit til þess, að Bjarnarneskirkja hefur verið flutt, eftir að gerður

var uppdráttur sá, er varðskipsforinginn notaði. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms hefur ákærði brotið gegn 1. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1940 og 3. gr. fyrrnefndra laga. Með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 23.594, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10600 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Paul Johannes Joensen, greiði 10600 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Theodórs B. Línals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 18. júlí 1949.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Poul Johannes Joensen, skipstjóra á v/b Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 45 frá 1937 um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. lög nr. 26 frá 1940, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og málskostnaðargreiðslu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina og sannaðir eru með skýrslu skipherrans á varðskipinu Faxaborg, Reykjavík, og eigin játningu kærða.

Föstudaginn 15. júlí síðastliðinn var varðskipið Faxaborg á eftirlitsferð í Mýrabugt. Kl. 08.50 sást bátur grunsamlega nærri landi, og hafði stefnu upp að landinu. Kl. 09.18 stöðvaði eftirlitsskipið þar, sem þeir á

bátnum köstuðu nótt sinni, og setti út dufl þar, en kl. 19.12 sást frá varðskipinu, að menn voru á þilfari bátsins við þessar athafnir.

Var síðan lagzt upp að hliðinni á dragnótabátnum, sem var umgetinn bátur, Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum. Var skipstjóri bátsins spurður um, hvar dragnótin væri, og sagði hann, að þeir hefðu sleppt henni niður þar, sem Faxaborg setti duflið, og væri annar endi á tóginu við nóttina, en hinn við dufl, sem hann ætti þar hjá.

Við dufl það, er varðskipið setti út, var gerð eftirfarandi staðar-ákvörðun:

Hestgerðishnúta

> 69° 00'

Skinneyjarhöfði

dýpi 25 metrar

> 64° 00'

Bjarnarneskirkja

og gefur það stað bátsins 1.5 sjómíllur innan við landhelgislinuna.

Mældu skipstjóri og stýrimaður dragnótabátsins þessa staði og viðurkenndu þá þegar að hafa verið fyrir innan landhelgi.

Hér fyrir réttinum útfærði varðskipsforinginn á sjókortu staðarákvarðanirnar, sbr. skýrslu hans rskj. 1, og viðurkenndi kærði þær réttar og endurtók játningu sína um að hafa verið að dragnótaveiðum á bát sínum, Tryggve T.G. 774 frá Vaag, á þeim stað og tíma, sem um getur í skýrslunni, en kveður þær hafa verið óviljaverk, og hafi hann ekki ætlað sér að veiða í landhelgi, en þoka mikil hafi verið, og þeir hafi, án þess að þeir hafi vitað af, verið komnir inn fyrir landhelgi og köstuðu þar án þess að vita, að þeir voru fyrir innan landhelgina.

Samkvæmt því, er hér að ofan greinir, verður að telja sannað í málinu með skýrslu skipherrans á varðskipinu Faxaborg og með eigin játningu kærða, að kærði hefur verið að veiðum í landhelgi með dragnót á skipi sínu Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum, 44.38 br. smál., föstudaginn 15. júlí 1949.

Hefur hann með þessu gerzt brotlegur gegn ákvæðum laga nr. 45 frá 1937 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 26/1940.

Kærði, sem fæddur er 17. marz 1892, hefur eigi, svo að kunnugt sé, sætt kæru né refsingu fyrir nokkurt brot, sbr. hegningarskrá ríkisins, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laga nr. 45 frá 1937 kr. 7500.00 sekt í Fiskveiðasjóð Íslands með tilliti til þess, að gildi krónunnar er það í dag, að hundrað seðlacrónur jafngilda 33.96 gullkrónum.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 2ja mánaða varðhaldi.

Auk þess skal allur afli innanborðs í dragnótabátnum Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptækt og andvirkð renna í Fiskveiðasjóð Íslands.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Poul Johannes Joensen, greiði kr. 7500.00 í sekt í Fisk-

veiðasjóð Íslands, og komi 2ja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í drag-nótabátnum Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum, skulu vera upp-tæk og andvirðið renna í Fiskveiðasjóð Íslands.

Loks greiði kærði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum..

Föstudaginn 3. marz 1950.

Nr. 141/1947. **Gunnar Bíldal** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Magnúsi Jóchumssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Innsetningar krafizt í muni, er áfrýjandi taldi sig hafa keypt af stefnda.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. des. 1947, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem í málinu greinir, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af vætti vitna og öðrum málsgögnum má að vísu ráða, að Sigurður Helgason hafi samið við stefnda og þeir ráðgert kaup á munum þeim, sem um er deilt í máli þessu, en hins vegar brestur sönnur um það, að þeir stefndi og Sigurður hafi til fullnaðar orðið á sáttir um kaupverð eða að stefndi hafi fallizt á að afsala eignarrétti að mununum skilorðslaust í hendur Sigurði, áður en Sigurður gerði skil á kaupverði mun-anna.